



Reykjavík, 27. febrúar 2024  
MSS24010213

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað borgarinnar vegna veisluhalda borgarfulltrúa**

Á fundi borgarráðs þann 25. janúar 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Vikuna 15. - 21. janúar hélt borgarfulltrúi og oddviti Samfylkingarinnar fjórar veislur í tilefni þess að hann væri að láta af embætti borgarstjóra og að taka við formennsku í Borgarráði. Að minnsta kosti þrjár af þessum fjórum veislum voru kostaðar af skattgreiðendum. Spurt er hver var heildarkostnaður borgarsjóðs vegna veisluhalda Dags B. Eggertssonar og óskað er eftir sundurliðun þess kostnaðar. Einnig er spurt hvort háttsettir embættismenn og borgarfulltrúar njóti jafnan þeirra sérkjara að fá að taka Höfða á leigu til einkasamkvæma og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá að taka Höfða á leigu. Hvernig er sótt um það og hvað kostar það að jafnaði að leigja Höfða?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 25. janúar 2024.

### **Svar:**

Þann 16. janúar sl. hélt þáverandi borgarstjóri boð í Höfða í tilefni af því að hann var að láta af störfum sem borgarstjóri en því embætti gegndi hann í tæp 10 ár. Löng hefð er fyrir því að boðið sé til móttöku í Höfða við starfslok æðstu embættismanna Reykjavíkur. Kostnaður vegna boðsins var 927.200 kr. Höfði er móttökuhús borgarstjóra og í engum tilvikum leigður út fyrir einkasamkvæmi. Reykjavíkurborg bauð auk þess starfsmönnum borgarinnar sem starfa í Höfðatorgi og Ráðhúsi í kveðjukaffi að morgni 16. janúar sl. í tilefni af því að þáverandi borgarstjóri var að láta af embætti. Kostnaður vegna kveðjukaffis í Höfðatorgi var 868.644 kr. og í Ráðhúsi 420.000.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari



**Reykjavík**